



# STARFSÁÆTLUN VALSÁRSKÓLA 2020-2021

*„Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds”*

# Efnisyfirlit

<b>Valsárskóli</b>	<b>5</b>
Starfsáætlun nemenda	5
Skipulag skólaársins 2020-2021	5
Viðmiðunarstundaskrá	5
Skóladagatal	5
Helstu viðburðir skólaársins	6
<b>Starfsfólk skólans</b>	<b>6</b>
<b>Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps</b>	<b>6</b>
<b>Þróunarstarf og símenntun</b>	<b>7</b>
Byrjendalæsi	7
Læsi til náms	7
Stærðfræðileiðtoganám	8
Fundir og ráðstefnur	8
<b>Símenntunaráætlun</b>	<b>8</b>
Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2021	8
<b>Valgreinar í 7.- 10. bekk</b>	<b>9</b>
Valgreinar í boði haust 2020:	9
Kenndar valgreinar haustið 2020 eru:	9
<b>Bókasafn</b>	<b>9</b>
<b>SAM skólarnir</b>	<b>10</b>
<b>Mötuneyti</b>	<b>10</b>
<b>Öryggismál</b>	<b>10</b>
Skólabíll	10
Öryggistæki	10
Gæsla	11
Tryggingar	11
<b>Öryggisnefnd</b>	<b>11</b>
<b>Nemendaráð</b>	<b>11</b>
	2

<b>Félagslíf</b>	<b>11</b>
<b>Skólaferðalag og fjáröflun</b>	<b>12</b>
<b>Foreldrafélag</b>	<b>12</b>
<b>Foreldrasamstarf</b>	<b>12</b>
Samstalsdagar	12
Vefsíða	13
Tölvupóstur	13
Viðtalstímar kennara	13
<b>Hagnýtar upplýsingar</b>	<b>13</b>
Skólaakstur	13
Afmæli	13
Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum	13
Ábyrgð nemenda á eigin námi	14
Leyfi nemenda	14
Heimsóknir eftir skóla	14
Lyfjagjafir í skólanum	14
Matmálstímar	14
Meðferð námsgagna og eigur skólans	14
Notkun snjalltækja	15
Opnun skóla	15
Óveður eða ófærð	15
Símtöl	15
Skólahúsnæði	15
Skólalóð	16
Slys / óhapp	16
<b>Heilsugæsla</b>	<b>16</b>
<b>Móttaka nýrra nemenda</b>	<b>16</b>
<b>Rýmingaráætlun</b>	<b>16</b>
<b>Vinaborg</b>	<b>17</b>

Starfsfólk	17
Opnunartími	17
Skráning	17
Biðtími	18
Nokkrir punktar um starfsemi Vinaborgar:	18
Skólaárið 2020-2021	18
Gjaldskrá skólavistunar Valsárskóla - gjaldskrá til áramóta 2020	19
<b>Samstarf</b>	<b>19</b>
Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar	19
Leikskólinn Álfaborg	19
Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla	19
Framhaldsskólar	19
<b>Sérfræðiþjónusta</b>	<b>20</b>
<b>Skólanefnd</b>	<b>20</b>
<b>Skólaráð</b>	<b>21</b>
Skólaráð 2020-2022	21
<b>Mat á skólastarfi</b>	<b>21</b>
Ytra mat	21
Áætlun um innra mat	21

## Valsárskóli

Í Valsárskóla eru 48 nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendum er skipt í fimm námshópa og eru 1. - 2. bekkur, 3. - 4. bekkur, 5. - 6. bekkur, 7. - 8. bekkur og 9. - 10. bekkur. Við skólann er samkenndsla með áherslu á fjölbreytt nám og fjölbreytta kennsluhætti. Þó bera að geta þess að samkenndsluhóparnir eru ekki alltaf saman þar sem þeim er stundum skipt eftir verkefnum í smærri hópa. Við skólann starfa 8 kennarar, skólastjóri, náms- og starfsráðgjafi, skólaliði, stuðningsfulltrúar, matráður, aðstoðarmatráður, húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur. Nokkrir starfsmenn eru einnig starfsmenn leikskólans Álfaborgar og sveitarfélagsins og sum þessi störf eru hlutastörf. Kennarafundir eru á fimmtudögum og teymisfundir á þriðjudögum. Skólastjóri stjórnar daglegu starfi í skólanum. Stuðningsfulltrúar og skólastjóri annast gæslu og eftirlit með umgengni nemenda á daginn. Skólaliði sér um ræstingu á húsinu.

Skólinn er opinn frá klukkan 07:45 – 16:00 virka daga en lokaður um helgar.

Sími: 4645510

Netfang: [valsarskoli@svabardsstrond.is](mailto:valsarskoli@svabardsstrond.is), [skolastjori@svabardsstrond.is](mailto:skolastjori@svabardsstrond.is)

Heimasíða: <http://www.skolar.svabardsstrond.is>

## Starfsáætlun nemenda

### Skipulag skólaársins 2020-2021

Skólinn hefst 24. ágúst og er slitið 4. júní. Kennarar skipta náminu niður í mislangar lotur og er námsmat aðgengilegt foreldrum og nemendum jafnóðum á Mentor. Á skólaslitum fá nemendur afhent námsmat.

### Viðmiðunarstundaskrá

Hver kennslustund er 60 mínútur og kennari skipuleggur tímann. Gagnkvæm virðing á að ríkja og vinnufriður. Enginn hefur rétt á því að trufla vinnu annarra, hvort sem það eru kennarar eða nemendur. Nemendur fá 10 mínútur til að borða morgunmat og einu sinni yfir daginn fá nemendur 20 mínútna frímínútur. Hádegishlé nemenda er 30 mínútur. Stundaskrá nemenda gildir allan veturinn en valgreinar geta breyst um áramót. Hana má sjá inni á Mentor og allir nemendur fá afhenta stundaskrá við upphaf skóla að hausti.

Kennslustundafjöldi er mismunandi eftir stigum:

1.-4 bekkur, 30 kennslustundir á viku, 20 klst. í töflu.

5.-10 bekkur 34,5 kennslustundir á viku, 23 klst. í töflu. Frá 9. nóvember 2020 verða 24 klst. í töflu í 5. - 10. bekk.

### Skóladagatal

Öll heimili fengu skóladagatal með skýringum á skólaslitum í júní 2020. Skólasetning er 24. ágúst, haustfrí 22.-23. október og hefst jólaaleyfi eftir litlu jól 18. desember. Kennsla eftir jólaaleyfi hefst 5. janúar. Vetrarfrí er 17. - 19. febrúar. Páskaleyfi er 29. - 5. apríl. Skólaslit eru 4. júní.

Kennsludagar samkvæmt skóladagatali eru 180. Starfsdagar kennara eru 13, þar af 4 á starfstíma skólans. Gert er ráð fyrir tveimur samtalsdögum á starfstíma skólans.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/static/files/Skoladagatal/skoladagatal-valsarskoli-2020-2021.pdf>

### **Helstu viðburðir skólaársins**

- Skólasetning 24. ágúst.
- Hrekkjavökuhátíð 29. október
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Litlu jólin 18. desember.
- Árshátíð Valsárskóla 21. janúar.
- Skólaslit 4. júní.

### **Starfsfólk skólans**

Anna Louise Júlíusdóttir, í fæðingarorlofi

Ásrún Aðalsteinsdóttir, textíl- og myndmenntakennari og umsjón með bókasafni

Bjarney Vala Steingrímsdóttir, skólaliði

Bryndís Hafþórsdóttir, umsjónarkennari 3.-4. bekk og heimilisfræðikennari

Brynhildur Smáradóttir, hjúkrunarfræðingur frá HSN

Einar Bjarki Sigurjónsson, smíðar og náttúrufræði

Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, stuðningsfulltrúi og gæsla

Gísli Arnarsson, gæsla, stuðningur og umsjón með Vinaborg

Guðfinna Steingrímsdóttir, umsjónarkennari, 1.-2. bekkur og stuðningur við nemendur með ísl. sem annað mál.

Harpa Helgadóttir, íþróttakennari og sérkennsla

Heiða Jónasdóttir, matartæknir

Heiðrún Hermannsdóttir Beck, stuðningsfulltrúi, gæsla og ritari

Helgi Viðar Tryggvason, umsjónarkennari 9.-10. bekkur og tungumál

Ingvi Rafn Ingvason, tónlistarkennari - ásláttarhljóðfæri – samspilskennsla

Kristján H S Edelstein, tónlistarkennari - gítar, bassi

María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri og kennari

Michael Devin Weaver, tónlistarkennari

Ragnar Jón Grétarsson, húsvörður

Sigrún Rósa Kjartansdóttir, umsjónarkennari, 5.-6. bekkur

Sólveig Sigurbjörg Sæmundsdóttir, starfsmaður í Vinaborg

Svala Einarsdóttir, umsjónarkennari, 7.-8. bekkur og staðgengill skólastjóra

Tíu Laur, deildarstjóri tónlistardeildar - píanó, söngur

Puríður Lilja Rósenbergsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

### **Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps**

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til tónlistarskóla Svalbarðsstrandar, leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hver skóli markar eigin skólastefnu í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og stefnu sveitarfélagsins.

Í skólum Svalbarðsstrandarhrepps eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ein liðsheid og einkennist starfið af umhyggju, virðingu og gleði. Skólarnir leggja metnað í allt starf sitt og keppa að því að undirbúa nemendur sem best fyrir framtíðina.

Vellíðan nemenda er grunnur að árangri í skólastarfi. Skólarnir leggja áherslu á heilsuefningu sem miðar að því að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og gera þeim kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Í uppbyggingu skólastarfs þarf að gæta þess að hæfileikar hvers og eins fái notið sín og ábyrgð, metnaður og virðing einkenni leik og starf. Með því að efla líkamlegt hreysti, sjálfstraust, samskiptahæfni og víðsýni gera skólarnir nemendur færari til að vinna að jákvæðri uppbyggingu samfélagsins.

Fjölbreytni og sveigjanleiki eru grunnur að farsælu skólastarfi. Starfsfólk skólanna þarf að hafa gott sjálfstraust, sýna frumkvæði og vinna ólík störf með jákvæðni og gleði. Daglegt starf þarf að einkennast af virðingu fyrir hverjum og einum, fagmennsku og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri. Samstarf skólanna er öflugt og áhersla lögð á samnýtingu og samvinnu.

Skólar í Svalbarðsstrandarhreppi leggja ríka áherslu á öflugt samstarf milli heimila og skóla. Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs. Samstarfið byggir á trúnaði, gagnkvæmri virðingu og trausti. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfi. Skólarnir skulu leggja sig fram við að styðja foreldra til samstarfs með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Samfélag Svalbarðsstrandarhrepps einkennist af nálægð sem gefur fjölbreytt tækifæri til farsællar uppbyggingar. Skólarnir hafa metnað til að tengja saman ólíka aðila í samfélaginu og nýta fjölbreytta styrkleika íbúa og atvinnulífs. Skólarnir leggja áherslu á að efla einstaklinga sem geta skapað gott samfélag þar sem áhugi, traust og sáttfýsi einkenna samskiptin. Umhverfi og náttúra í Svalbarðsstrandarhreppi er fjölbreytt og býður upp á möguleika sem hægt er að nýta í skólastarfi og auka þannig þekkingu og virðingu á umhverfi og heimabyggð.

## **Þróunarstarf og símenntun**

### **Byrjendalæsi**

Byrjendalæsi er kennsluaðferð sem hefur verið mótuð og þróuð við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Í Valsárskóla hefur verið unnið út frá áherslum Byrjendalæsis síðan 2012. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

### **Læsi til náms**

Kennarar eru á þriðja ári í vinnu með Miðstöð skólaþróunar í HA. Þar fer fram öflug símenntun og eftirfylgni með vinnubrögðum. Annað árið er til að efla alla kennara í skólanum í

vinnubrögðum til að efla læsi. Vinnan miðar að því að halda við og efla vinnubrögð sem Byrjendalæsi byggir á. Í skólanum eru starfandi fjórir kennarar sem hafa farið í gegnum formlegt nám í byrjendalæsi. Til að efla samfellu í læsi hófu á síðasta ári þrír kennarar tveggja ára nám í Byrjendalæsi. Þegar því er lokið eru flestir kennarar skólans komnir með þann grunn.

### **Stærðfræðileiðtoganám**

Kennari hefur verið í formlegu námi í Miðstöð skólaþróunar í HA til að efla nám og kennslu í stærðfræði síðustu tvö ár. Í ár stunda tveir kennarar þetta nám og stýra þróunarvinnu þriggja kennara í skólanum. Áhugi er að efla nám í stærðfræði í skólanum og virkja fjölbreytta kennsluhætti í takt við áherslu stærðfræðileiðtoganámsins.

### **Menntabúðir**

Reglulega eru haldnar menntabúðir í nokkrum grunnskólum í Eyjafirði. Þar er lögð áhersla á upplýsingatækni og margskonar tæknilegar lausnir í námi og kennslu. Þar miðla kennarar sín á milli hugmyndum og leiðum sem þeir hafa lært og prófað með nemendum. Menntabúðirnar hafa verið vinsælar og verða kennarar áfram hvattir til að sækja þær.

### **Fundir og ráðstefnur**

Á haustdögum stóð til að hafa sameiginlegan fræðsludegi með SAM skólunum á Þelamörk. Vegna heimsfaraldurs féll hann niður að hluta. Fræðslan fór þó fram í gegnum fjarfundabúnað og var um námskrá og hæfniviðmið. Annað starfsfók en kennarar fengu fræðslu um frávík og greiningar. Á haustdögum var sameiginleg fræðsla á vegum UNICEF um barnvænt samfélag og einnig fræðsla frá Barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags á Akureyri.

### **Samvinna og samstarf við kennara og skóla**

Bókasafnskennari er í samvinnu við bókasafnskennara í nokkrum skólum bæði á Akureyri og víðar. Kennararnir og umsjónarfolk bókasafnanna hittast reglulega og vinna saman. Samstarfið er mikilvægt fyrir allt starf bókasafnsins þar sem samvinnan skilar þekkingu á bókakosti og gefur kosti á millilánum o.fl.

### **Símenntunaráætlun**

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 120 - 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig og starfið. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

### **Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2021**

1. Skyndihjálparnámskeið (annað hvert ár, næst haust 2021)
2. Fræðsla frá barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags 18. ágúst. Áhersla á verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættu hegðun.



3. Fræðsludagur með SAM - skólunum á Þelamörk 19. ágúst 2020. Áhersla á hagnýta vinnu og samstarf um námsmarkmið og hæfniviðmið námskrár. Féll niður að hluta.
4. Fræðsludagur um barnvænt samfélag í Valsárskóla fyrir alla starfsmenn 21. ágúst. Fræðsla á vegum Unicef.
5. 8. og 29. september og 3. nóvember fræðsla á vegum MSHA um LTN fyrir alla kennara í Valsárskóla.
6. UTIS - ráðstefna, sem fjórir kennarar sóttu.
7. 2. - 6. nóvember fræðsla á vegum Samtakanna 78.

### Valgreinar í 7.- 10. bekk

Á þessu skólaári verður gerð tilraun til að auka val hjá eldri nemendum í skólanum og þess vegna velja nemendur þrjár greinar að hausti og velja aftur í desember fyrir vor 2021. Þannig geta þeir verið í samtals sex valgreinum á skólaárinu. Ef það hentar verkefnum geta nemendur og kennarar í samráði verið lengur suma daga og þá fellur valgrein niður sem því nemur. Námsmat í valgreinum byggir að mestu á ástundum í kennslustundum og afrakstri/verkefnaskilum. Ekki er gert ráð fyrir prófum, heldur er lögð áhersla á virkni og er námsmati því oft skilað sem lokið/ólókið. Metið val er fyrir nemendur sem eru í íþróttá- og/eða tómstundastarfi með þjálfara/kennara/leiðbeinanda og vilja vera í tveimur valgreinum í skólanum í stað þriggja.

### Valgreinar í boði haust 2020:

Smíðar

Mósaík og glervinna

Stuðningur í Vinaborg og Álfaborg

Útivistarval, ekki á stundaskrá

Rafræn stærðfræði

Fatasaumur, breyting og endurvinnsla á notuðum/eldri fötum

Yndislestur og samræður á bókasafni

Þýska

Verklef náttúrufræði / tilraunir

Heimilisfræði

Íþróttufræði

Myndlist

Enskar bókmenntir og kvikmyndir/þætti

Skólahreysti

Stuðningur í stærðfræði

Handverk

Danskar bókmenntir og kvikmyndir/þættir

Metið val

### Kenndar valgreinar haustið 2020 eru:

Heimilisfræði

Íþróttufræði

Myndlist

Skólahreysti

Handverk

Þýska

Stuðningur í Vinaborg og Álfaborg

### Bókasafn

Skólasafnið á að vera lifandi fræðslu-, upplýsinga- og menningarmiðstöð í hverjum skóla og þar þarf að vera fjölbreytt úrval hvers kyns náms- og kennslugagna auk annars valins lesefnis fyrir

nemendur og starfsfólk skólans. Þar hefur skólasafnskennari aðstoðu fyrir safnvinnu og tekur bekk í kennslu í samráði við kennara.

Markmið skólasafnsins eru m.a.:

- að örva lestur fagurbókmennta og fræðiritra
- að örva myndlestur
- að leiðbeina um notkun safnkosts

### **SAM skólarnir**

Hefð er fyrir samstarfi við Stórutjarnaskóla, Grenivíkurskóla og Þelamerkurskóla. Skólastjórar skólanna hittast og setja niður samstarfið. Skólaárið 2020-2021 gerir áætlun ráð fyrir:

- 5. -6. bekkur - íþróttadagur í Valsárskóla fyrir 5.-6. bekk þriðjudaginn 6. október. (frestað/fellt niður vegna heimsfaraldurs)
- 7. - 10. bekkur - heimsókn í Þelamörk á skólatíma 7. október. Hugmyndin er að unglíngarnir stofni sameiginlega nefnd á Þelamörk 7. október og verði búnir að móta dagskrá fyrir skemmtikvöldið í mars. (frestað eða fellt niður vegna heimsfaraldurs)
- 5. - 6. - bekkur í heimsókn á Stórutjarnir 10. febrúar
- 7. - 10. - bekkur á skemmtikvöld á Grenivík 11. mars

### **Mötuneyti**

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu. Vel nærð börn eiga betur með að einbeita sér og mataræði hefur áhrif bæði á lærdómsgetu og hegðun. Börn verja miklum hluta dagsins í skólanum eða á skólasvæðinu og því er mikilvægt að þau eigi þar kost á hollum og góðum mat. Í Valsárskóla eru gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Morgunverður er í boði alla daga í grunnskólanum og á borðum er hafragrautur, slátur, ávextir, lýsi, rúsínur, kanill og mjólk. Ekki er því nauðsynlegt að senda börn með nesti en ef það er gert er æskilegt að hafa það innan manneldismarkmiða um morgunverð.

### **Öryggismál**

#### **Skólabíll**

Í skólabílnum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Bílstjórar eiga að minna nemendur á að nota beltin. Það er mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

#### **Öryggistæki**

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera endurskinsmerki. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

#### **Létt bifhjól og önnur farartæki**

Þeir sem hafa próf til að nota ökutæki geta komið á þeim í skólann og heim en óheimilt er að nota slík tæki á skólatíma.

### **Gæsla**

Utan kennslustunda eru stuðningsfulltrúar og skólastjóri við gæslu úti á skólalóð. Í búningsklefum eru íþróttakennari og stuðningsfulltrúi við gæslu.

### **Tryggingar**

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Tryggingar greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi. Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða vanrækslu af hálfu skólans.

### **Öryggisnefnd**

Í öryggisnefnd situr einn fulltrúi starfsfólks sem nefnist öryggistrúnaðarmaður og kosinn er á fyrsta starfsmannafundi skólaársins, öryggisvörður skipaður af skólastjóra og skólastjóri. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir

Í öryggisnefnd sitja:

Ragnar Jón Grétarsson, öryggisvörður

Björg Erlingsdóttir

Helgi Viðar Tryggvason, öryggistrúnaðarmaður

María Aðalsteinsdóttir

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir

### **Nemendaráð**

Í Valsárskóla er starfrækt nemendaráð sem skipað er nemendum í 8. - 10. bekk. Í byrjun skólaárs gefa þeir nemendur kost á sér sem hafa áhuga á að sitja í ráðinu. Síðan er dregið í stjórn og í henni sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari.

Hlutverk nemendaráðs er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda og gæta að hagsmunum og velferðarmálum þeirra. Formaður og varamaður eru fulltrúar nemenda í skólaráði.

### **Nemendaráð skólaárið 2020-2021**

Formaður: Arnrún Brynjólfssdóttir

Varaformaður: Tryggvi Unnsteinsson

Gjaldkeri: Alexander Guðjónsson

Ritari: Arney Arnardóttir

Fulltrúi nemenda 8. bekkjar: Sólveig Ómarsdóttir

Skemmtinefnd: Símon Ásmundsson, Sveindís Sveinsdóttir og Haraldur Kristjánsson.

## Félagslíf

Félagsmiðstöð heitir Valhöll og er rekin af sveitarfélaginu en starfsemin fer fram í húsnæði Valsárskóla.

## Skólaferðalag og fjáröflun

Nemendur 9. - 10. bekkjar fara í skólaferðalag annað hvert ár að vori. Ferðin er fjármögnuð með söfnun sem nemendur og foreldrar halda utanum. Ákvörðun um hvert skuli halda ræðst af því fjármagni sem til er í sjóðnum og skal kostnaður ferðarinnar ekki vera hærri en sjóðurinn getur greitt. Foreldrar, nemendur og stjórnendur taka sameiginlega ákvörðun hvert skal farið og fararstjóri sér um skipulag í samvinnu við foreldra og nemendur.

## Foreldrafélag

Við Valsárskóla er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári.

## Stjórn foreldrafélags Valsárskóla 2020-2021

Elín Svava Ingvarsdóttir, formaður  
Þóra Sigríður Torfadóttir, ritari  
Steingerður Kristjánsdóttir, gjaldkeri  
Auður Björk Jakobsdóttir, meðstjórnendur  
Eva Sandra Bentsdóttir, meðstjórnendur  
Kamila Ciolko-Borkowska, meðstjórnandi

## Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd:

Harpa Barkardóttir  
Varamaður: Svava Hrund Friðriksdóttir

## Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera náin. Sameiginleg verkefni skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

námsstuðningi

- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika
- að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólastarfs
- að vera hvetjandi
- Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

## Samstalsdagar

Foreldrar og kennarar hittast í skipulögðu samstarfi sem er t.d. kynningafundir að hausti og tveir samtalsdagar á hverju skólaári. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti.

### **Vefsíða**

Á vefsíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Slóðin er <http://www.skolar.svalbardsstrond.is>

### **Tölvupóstur**

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta. Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst um skólastarfið að jafnaði vikulega auk ástundunar. Allir nemendur skólans hafa skólanetfang til að nota t.d. í Google Classroom.

### **Viðtalstímar kennara**

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi. Foreldrar/forráðamenn geta alltaf hringt á skólatíma og óskað eftir samtali eða sent tölvupósti.

### **Hagnýtar upplýsingar**

#### **Skólaakstur**

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að nemendur komi á sína stöð á réttum tíma. Skólabíllinn er einungis ætlaður nemendum grunnskólans. Ekki er ætlast til þess að nemendur leikskólans komi með eldri systkinum í skólabílnum. Skólastjóri getur þó leyft slíkt í undantekningartilvikum.

- Forföll nemenda þarf að skrá í Mentor eða tilkynna í skólann, s. 4645510 og til skólabílstjóra s. 858 0777.
- Ferðir frá skóla eru 10 mínútum eftir lok síðustu kennslustundar.
- Athugið *að ekki* er hægt að reikna með að skólabíllinn geti tekið fleiri farþega en gert er ráð fyrir í áætlun.
- Hafið samband við bílstjóra ef fjölga á farþegum af einhverjum ástæðum, (t.d. afmælisboð) til að athuga hvort laust er með bílnum.

### **Afmæli**

Þegar barn á afmæli, má það koma með veitingar í skólann fyrir sinn samkennsluhóp. Við sleppum gosdrykkjum og sælgæti.

### **Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum**

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Nemendur eiga ekki að koma með peninga í skólann að óþörfu og eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum á göngum eða í búningasklefum.

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að **merkja vel allan fatnað**. Merktur fatnaður skilar sér best. Óskilamunir eru geymdir í körfum í anddyri skólans. Nokkrum sinnum á ári eru óskilamunir lagðir fram til sýnis í skólanum s.s. á samtalsdögum og við skólaslit að vori og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að huga þar að munum barna sinna.

### **Ábyrgð nemenda á eigin námi**

Nemendur bera ábyrgð á námi sínu (skv. IV. kafla 14. gr. lögum um grunnskóla) með stuðningi kennara og foreldra og allt samstarf er því mikilvægt og stuðlar að metnaði nemenda til að stunda nám sitt af alúð.

### **Leyfi nemenda**

Ef nemandi þarf leyfi getur umsjónarkennari gefið leyfi í einn eða tvo daga. Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra á eyðublaði. Eyðublað má finna á vefsíðu skólans.

Forföll í tónlistardeild þarf ekki að tilkynna ef búið er að tilkynna forföll í skólanum en forföll í skólaakstri þarf að tilkynna í síma 8580777.

### **Heimsóknir eftir skóla**

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi hjá foreldrum áður en þeir koma í skólann. Einnig þarf að kanna hvort pláss sé í skólabíl. Slíkt er alfarið á ábyrgð foreldra.

### **Lyfjagjafir í skólanum**

Í tilmælum frá landlækni um lyfjagjafir í grunnskólum frá maí 1999 kemur meðal annars fram að foreldrum/forráðamönnum ber að afhenda hjúkrunarfræðingum þau lyf sem börn og unglingar eiga að fá í skólanum. Börn og unglingar eiga aldrei vera sendiboðar með lyf. Sjá nánari upplýsingar á síðu landlæknis.

Foreldrar/forráðamenn þeirra barna og unglinga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Starfsfólk gefur nemendum aldrei lyf nema í samráði við foreldra.

### **Matmálstímar**

Boðið er upp á graut og ávexti frá kl. 9:05-9:15 og hádegismat kl. 11.35. Nemendur í frístund fá síðdegishressingu kl. 14.30. Morgunmat og hádegismat er gjaldfrjáls.

### **Meðferð námsgagna og eigur skólans**

Skólinn lætur í té öll námsgögn sem nemendur þurfa að nota við nám sitt. Þeir taka ábyrgð á því og eiga að fara vel með þau.

Nemendur og forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir því tjóni sem nemendur kunna að valda á eigum skólans.

### **Notkun snjalltækja**

Í Valsárskóla er litið svo á að ákjósanlegasti kosturinn er að nemendur læri að nota tækin sín á ábyrgan og uppbyggilegan hátt, sér og öðrum til gagns og gamans. Ef nemendur vilja koma með síma, snjalltæki eða tónhlöður í skólann verður að vera tryggt að tækin séu notuð í samráði við kennara og trúfli aldrei nám og kennslu. Taka þarf tillit til friðhelgi einkalífs nemenda og starfsmanna og eignaréttar og réttar skóla til að skapa nemendum góð skilyrði til náms. Með þessu móti er nemendum gefið ákveðið frelsi og þurfa þess vegna að virða fyrirmæli kennara og þá reglu að nota snjalltæki ekki í matsal. Mikilvægt er að bæði foreldrar og kennarar taki umræðu um notkun snjalltækja og þær reglur sem um þau gilda reglulega. Ef nemendur fara ekki eftir þessum reglum eru þeir minntir á reglur og ef ábendingum er ekki sinnt eru þeir beðnir um að afhenda símann. Síminn er geymdur hjá skólastjóra og nemandi fær hann í lok dags. Ef nemandi vill ekki afhenda síma og geyma hjá skólastjóra er haft samband við foreldra.

### **Opnun skóla**

Valsárskóli er opinn frá kl. 7.45. Starfsmaður og/eða skólastjóri tekur á móti börnunum og annast gæslu þar til skólafarar hefst kl. 8:05.

### **Óveður eða ófærð**

Þar sem skólinn ber ábyrgð á nemendum á leið úr og í skóla getur þurft að fella niður skólafarar vegna veðurs. Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu í grunnskólanum er foreldrum/forráðamönnum sent sms í skráða farsíma fyrir klukkan 7:15. Eins verður sett inn tilkynning á facebooksíðu skólans og tölvupóstur sendur ef hægt er.

Ef veður er tvísýnt metur skólastjóri í samráði við skólabílstjóra og mokstursaðila hvort skólabíll sækir börn. Ef talið er að það sé áhætta er skóla aflýst. Ef rauð viðvörðun kemur frá Veðurstofu Íslands fyrir þetta svæði er skóla aflýst.

### **Símtöl**

Nemendur geta fengið að hringja á kaffistofu skólans og foreldrar geta jafnframt komið boðum til barna sinna með því að hringja í aðalnúmer skólans.

### **Skólahúsnæði**

Hver bekkur hefur sína heimastofu, allar á efri hæð hússins. Þar er einnig skrifstofa, vinnurými kennara, kaffistofa starfsfólks, textíl- og myndmenntastofa, fundarherbergi og rými fyrir unglingastigið. Á neðri hæð hússins er bókasafn, matsalur, eldhús, íþróttasalur, tónlistarstofur og aðstaða frístundar. Að auki er kennt í sundlauginni. Heimilisfræði er kennd í eldhúsi skólans og smíðar eru kenndar í rými á milli sveitarskrifstofu og leikskólans.

### **Skólalóð**

Leiksvæði nemenda er kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki, ærslabelgur og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara.

### **Slys / óhapp**

Í stórum barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir höfum við strax samband við foreldra / forráðamenn eða hringjum á sjúkrahól.

Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

### **Veikindi**

Í skólanum er ekki aðstaða til að sinna veikum börnum. Veik börn eru viðkvæm og vansæl og þess vegna eiga þau ekki að koma í skólann þegar þau eru lasin. Nemandi á að vera hitalaus heima í a.m.k. 1 - 2 sólarhringa. Þegar nemandi kemur í skólann er ætlast til að hann geti tekið þátt í öllu daglegu starfi. Ef þörf er á undantekningin vegna einhverra sérstakra tilfella eru foreldrar beðnir að hafa samband við skólastjóra.

### **Útivist / klæðnaður**

Nemendur skulu fara út í frímínútur daglega. Kennsla fer stundum fram utandyra, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brýnt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi. Æskilegt er að nemendur í 1.-4. bekk séu með aukasett af fötum í skólanum. Nemendur í 7 - 10. bekk geta valið hvort þeir fara út í frítíma en þurfa að vera í ró þar sem ekki er gæsla inni. Unglingar sem ekki geta verið í ró í frítíma verður vísað út.

### **Heilsugæsla**

Heilsugæsla Valsárskóla heyrir undir Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Akureyri. Brynhildur Smáradóttir hjúkrunarfræðingur sinnir skólaheilsugæslu og er hennar viðverutími í skólanum að jafnaði 2. og 4. föstudag í mánuði klukkan 08:00 – 14:00. Hægt að ná í hana á þeim tíma í síma 6917788 og þess á milli með tölvupósti [brynhildur@akmennt.is](mailto:brynhildur@akmennt.is)

### **Móttaka nýrra nemenda**

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðuð í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst að hausti. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum.

### **Rýmingaráætlun**

Í öryggisráði sitja María Aðalsteinsdóttir skólastjóri, Ragnar Jón Grétarsson umsjónarmaður



fasteigna Svalbarðsstrandarhrepps, Margrét Jensína leikskólastjóri, Helgi Tryggvason  
Öryggistrúnaðarmaður skólans og Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri.  
Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaræfing  
verði haldin a.m.k. einu sinni á ári.

Rýmingaræfing var haldin **17. september 2020** í samvinnu við fulltrúa frá Öryggismiðstöðinni,  
sem sér um brunakerfið, og verður aftur **26. maí 2021**.

## **Vinaborg**

Vinaborg er frístundaheimili fyrir nemendur í Valsárskóla í 1. - 4. bekk. Starfsfólk Vinaborgar  
mun vinna með hugmyndir um frístundastarf í samræmi við skilgreint hlutverk frístundaheimila  
sem gefið er út af Menntamálaráðuneytinu. Starfið verður mótað á þessu skólaári og er  
markmiðið að starfið muni uppfylla öll viðmið eftir nokkurra ára þróun.

[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vidmid%20i%20fristundastarfi\\_sk  
yrsla%20starfshops%20feb.%202018.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vidmid%20i%20fristundastarfi_sk<br/>yrsla%20starfshops%20feb.%202018.pdf)

## **Starfsfólk**

Starfsfólk Vinaborgar eru starfsmenn Valsárskóla og starfa undir stjórn skólastjóra.  
Umsjónarmaður Vinaborgar ber ábyrgð á daglegu starfi, skipulagi, skráningu barna og  
samskiptum við foreldra.

Starfsfólk Vinaborgar vinnur á starfsdögum fyrir starfstíma skólans og í lok skólaárs líkt og  
kennarar og hefur þá tækifæri til símenntunar og samstarfs við kennara og annað starfsfólk  
skólans. Vinaborg starfar eftir ákveðnu skipulagi með fjölbreyttum verkefnum, sjá nánar í  
mánaðarskipulagi Vinaborgar sem foreldrar fá sent og er á heimasíðu skólans.

## **Opnunartími**

Vinaborg er opin eftir kennslu til kl. 16:15 á starfstíma Valsárskóla. Vinaborg er opin frá  
8:00-16:15 á starfsdögum kennara á skólatíma, á samtalsdögum, í haust- og vetrarfríum, milli  
jóna og nýjárs og í dymbilviku.

## **Skráning**

Mikilvægt er að foreldrar skrái börn sín í Vinaborg og skrifi undir dvalarsamning og vistunartími  
sé eins skýr og hægt er. Foreldrar skrá nemendur að hausti en geta einnig skráð frávik og heila  
daga fyrir 26. hvers mánaðar þannig að hægt sé að skipuleggja starfið næsta mánuð.  
Sérstaklega þarf að huga að skráningu fyrir heila daga eins og starfsdaga í Valsárskóla,  
samtalsdaga, haustfrí, vetrarfrí, virka daga milli jóna og nýárs og í dymbilviku.

Skráning er mikilvæg vegna fæðis og skipulags starfsins. Kaffitími er kl. 14:30 og þeir sem eru í  
Vinaborg fram yfir þann tíma greiða fyrir hressingu. Foreldrar barna í 1. - 4. bekk munu fá  
sendan vistunarsamning og skráningarform í tölvupósti að hausti og svo skráningarformið  
mánaðarlega 20. - 26. hvers mánaðar. Reiknað er með að lágmarks skráningartími í Vinaborg sé  
20 tímar í mánuði, sbr. gjaldskrá.

## **Biðtími**

Biðtími er fyrir börn sem þurfa að bíða í skólanum til kl: 14:00 til að taka skólabíl heim. Yngri nemendur eru mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag í kennslu til kl: 13:00 og eru þá daga í skilgreindum biðtíma í Vinaborg í 1 klst á dag. Sá tími er gjaldfrjáls fyrir foreldra. Á föstudögum eru allir nemendur búnir í skólanum kl: 13:00 og fer skólabíllinn þá með alla nemendur þannig að enginn biðtími skapast.

Þeir nemendur sem fara í tónlistarnám eftir skólatíma eða með skólabíl til Akureyrar vegna íþróttar eða tómsunda greiða fyrir vistunartíma sem þörf er á vegna þessa. Ofangreint er samkvæmt samþykkt skólanefndar 10. júní og 18. ágúst 2020

## **Nokkrir punktar um starfsemi Vinaborgar:**

- Gjaldskrá og fleiri upplýsingar um Vinaborg verða aðgengilegar á vefsíðu bæði Valsárskóla og sveitarfélagsins.
- Neyðarkort nemenda í Valsárskóla sem eru í Vinaborg verða afrituð að hausti þannig að starfsfólk Vinaborgar hafi þau við hendina.
- Tryggt er að starfsfólk Vinaborgar sé ekki sett í önnur störf í skólanum þannig að það hafi neikvæð áhrif á starfsemi Vinaborgar.
- Vinaborg hefur síma sem er aðgengilegur og auglýstur bæði fyrir foreldra og starfsfólk. Síminn er 8325430.
- Foreldrar sækja börn um suðurinnangang í lok dags þar sem þeir hitta starfsmann og taka töskur og klæðnað. Ef börn eru sótt á öðrum tímum geta þau verið með starfsfólki á öðrum stöðum í húsinu og á skólalóð. Alltaf er hægt að hafa samband í síma 8324530 sem umsjónaraðili Vinaborgar er með á sér.
- Börn eru aldrei send heim eða annað nema í samráði við foreldra.

## **Skólaárið 2020-2021**

Starfsfólk Vinaborgar kemur til starfa mánudaginn 17. ágúst og hættir störfum þriðjudaginn 8. júní nema um annað sé samið.

Starfsemi í Vinaborg hefst mánudaginn 24. ágúst og hættir föstudaginn 4. júní.

Vinaborg er opin allan daginn

24. ágúst (starfsdagur og skólasetning)

20.- 23. október (samtalsdagur, starfsdagur og haustfrí)

Vinaborg opin virka daga milli jóla og nýárs

4. janúar (starfsdagur)

17. - 19. febrúar (öskudagur og vetrarfrí)

15. - 16. mars (starfsdagur og samtalsdagur)

Vinaborg er opin í dymbilvikunni

14. maí (starfsdagur)

## Gjaldskrá skólavistunar Valsárskóla - gjaldskrá til áramóta 2020

Mánaðargjald	6.510 kr.
Tímagjald umfram 20 klst	326 kr.
Síðdegishressing	105 kr.

Veittur er 25% systkinaafsláttur

### Samstarf

#### Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Í tónlistarskólanum er boðið upp á kennslu á píanó, orgel, gítar, bassa, blásturshljóðfæri og ásláttarhljóðfæri. Einnig er boðið upp á söngnám. Í tónlistardeildinni eru í vetur 20 nemendur og tveir eldri nemendur.

Tónlistarnemendur geta farið úr kennslustundum í skólanum til að sækja tónlistarnámið og þurfa foreldrar að vera meðvitaðir um að nemendur geta þurfa að vinna upp nám sem þeir missa af vegna þessa. Tónleikahald er tengt við starfsemi grunnskólans og er reiknað með að hver nemandi komi fram minnst tvisvar á hverjum vetri s.s. á degi íslenskrar tungu og á árshátíð. Handbók tónlistardeildar er á heimasíðu skólans.

#### Leikskólinn Álfaborg

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið í leikskólanum Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla. Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik. Umsjónarkennari í 1. -2. bekk skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennarana í Álfaborg, ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í íþróttasalnum og úti við í nágrenni skólanna. Á skólaárinu er áætlað að elsti árgangur Álfaborgar verði í íþróttum með 1. - 2. bekk í Valsárskóla tvisvar í viku.

#### Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla

Samstarf 2020-2021

- Þriðjudagar - allir nemendur leikskólans og 1.-4. bekkur grunnskóla koma saman í söngstund.
- Þriðjudagar og fimmtudagar – elstu árgangar leikskólans fara yfir í grunnskólann í „leikur að læra með 1.-2. bekk, ein klst í senn. Næstelsti árgangur 1x í viku, elsti árgangur 3x í viku.
- Þriðjudagar og föstudagar - elstu nemendur Álfaborgar koma í íþróttakennslu með 1. - 2. bekk.
- Miðvikudag (annar hver) eru tveir elstu árgangar og 1. - 2. bekkur saman í útiskóla.

## Framhaldsskólar

Samstarf Valsárskóla er við framhaldsskólana í nágrennasveitarfélögum. Árlega heimsækja nemendur elstu bekkjanna Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Einnig hefur verið farið að Laugum eða í Menntaskólann á Tröllaskaga eða boðið hefur verið upp á sérstaka kynningu um skólana ef nemendur óska eftir því.

## Sérfræðipjónusta

Í gildi er samningur Svalbarðsstrandarhrepps við Akureyrarbæ um þjónustu við grunn- og leikskólann.

Fjölskyldudeild Akureyrar er með aðsetur að Glerárgötu 26 og er opin alla virka daga frá klukkan 08:00 – 16:00. Sími 460-1420 og 460-1433.

Fjölskyldudeild starfar í þremur teyllum sem skiptir með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:

- **Barnaverndarteymi** sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.
- **Félagsþjónustuteymi** fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.
- **Skólateymi** vinnur samkvæmt lögum leik- og grunnskóla. Þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum í leik- og grunnskóla.

Skólar og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólateymis vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð til útfyllingar eru í skólanum. Það er hlutverk fjölskyldudeildar að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir/þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðipjónustu, s.s. sálfræðipjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl.

## Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn fulltrúi kennara grunnskólans og einn til vara sem kosnir eru til eins árs í senn á fyrsta kennarafundi skólaársins. Einn fulltrúi kennara leikskólans og einn til vara.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir þ.e. fulltrúi foreldra grunnskólans og fulltrúi foreldrafélags leikskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar kennara og foreldra leik- og grunnskólans hafa málfrelsi og tillögurétt. Kennara Valsárskóla skiptast á að mæta. Fulltrúi kennara Álfaborgar er Hanna Sigurjónsdóttir. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru Harpa Barkardóttir og Svava Hrund Friðriksdóttir til vara.

Í skólanefnd sitja:

Inga Árnadóttir (formaður)

Árný Þóra Ágústsdóttir

Sigurður Halldórsson

Auk þeirra starfa skólastjórnir María Aðalsteinsdóttir og Margrét Jensína Þorvaldsdóttir með nefndinni.

### **Skólaráð**

Samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfinu samkvæmt reglugerð um skólaráð 6. gr. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklam leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Valsárskóla og Álfaborgar.

### **Skólaráð 2020-2022**

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir, skólastjóri Álfaborgar og til vara Ásdís Hanna Bergvinsdóttir  
María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir  
Steingerður Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra í Valsárskóla og varamaður hennar er Þóra Sigríður Torfadóttir  
Ásrún Aðalsteinsdóttir, fulltrúi kennara í Valsárskóla og varamaður hennar er Harpa Helgadóttir  
Arnrún Brynjólfssdóttir, fulltrúi nemenda Valsárskóla  
Tryggvi Unnsteinsson, fulltrúi nemenda Valsárskóla  
Þórdís Eva Þórólfsdóttir, fulltrúi leikskólakennara í Álfaborg og Hanna Sigurjónsdóttir varamaður hennar  
Auður Hafþórsdóttir fulltrúi starfsmanna í Álfaborg og varamaður hennar er Gísli Arnarson úr Valsárskóla  
Þórdís Inga Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar er Vilhjálmur Rósantson

Á skólaárinu 2020-2021 eru bókaðir fundir kl. 14:15 - 14. október 2020 og 24. mars 2021.

### **Mat á skólastarfi**

Mat á skólastarfi er fastur þáttur í starfinu og er markmið þess að auka gæði skólastarfsins með velferð nemenda að leiðarljósi. Matið skiptist í innra- og ytra mat.

### **Ytra mat**

Reglulega er framkvæmt ytra mat á öllum grunnskólum á Íslandi á vegum Menntamálastofnunar. Ytra mat verður í Valsárskóla á vorönn 2021. Lögð verður áhersla á stjórnun, nám og kennslu og innra mat skólans.

Nemendur í 4., 7. og 9. bekk taka samræmt könnunarpróf árlega og kennarar skrá árangur í lesfimi þrisvar sinnum á skólaárinu í Skólagátt.

## Áætlun um innra mat

Mat á skólstarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Á skólaárinu 2020 – 2021 er fjögurra ára áætlun tilbúin og lögð verður áhersla á að meta þætti skv. skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps og leiðbeiningum frá Menntamálastofnun. Hakað er við þætti sem metnir verða á núverandi skólaári. Innra mat skiptist niður í fimm hluta og eru áhersluatriði úr skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps dekkri.

<b>Viðfangsefni</b>	
<b>Nám og kennsla</b>	<b>2020-2021</b>
Inntak, <b>árangur, metnaður</b> og framfarir	X
Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð	
Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu	X
Námshættir, námsvitund, <b>sjálfstraust og leiðtogasamfélag</b>	
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	X
Skóli án aðgreiningar og <b>fjölbreytt samfélag</b>	
Viðburðir og uppbrot	X
<b>Mannauður</b>	
Fagmennska starfsfólks og samstarf	X
Starfsánægja, <b>liðsheild</b> , líðan og aðbúnaður á vinnustað	X
<b>Stjórnun og skipulag</b>	
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X
Stjórnun skólans	X
Faglegt samstarf	
Skólaþróun og starfsþróun	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X
<b>Skólabragur</b>	
Viðmót, <b>virðing, samskipti</b> , menning og <b>liðsheild</b>	X
Velferð, <b>velliðan, heilsuefling, umhyggja, gleði og líðan</b> nemenda	X
Samstarf og <b>virgni</b> heimila og skóla	X
<b>Innra mat</b>	
Framkvæmd innra mats	X
Umbótastarf í kjölfar innra mats	

Á þessu skólaári verður lögð fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk könnun sem heitir Skólapúls. Þannig fást gögn sem veita upplýsingar um marga þætti innra matsins s.s. skólabrag, stjórnun og skipulag, mannaúð og nám og kennslu. Auk þess munu kennarar skila inn gögnum um fjölbreytta kennsluhætti í lok árs sem birtast í vorskýrslu skólans sem verður birt á heimasíðu

skólans. Kennarar meta viðburði reglulega með úrbætur í huga. Unnið er úr gögnum sem við fáum frá MMS til að efla þá þætti sem niðurstöður sýna að þurfi að styrkja.